


# Merkingar matvæla Auðkennismerki



Jónína Þ. Stefánsdóttir


Mars 2013

- Auðkennismerki – hvað er það ?
  - Egglaga merki með upplýsingum um
    - **Land** (Ísland, Iceland, eða styttingin IS)
    - **Samþykkisnúmeri** (XXXX) fyrirtækis sem síðast meðhöndlar vöruna óvarða
    - **EFTA** (f. Ísland)



- Merkið skal vera læsilegt, óafmáanlegt og rittáknin greinileg.

- Vörur með auðkennismerki



**Holdbarhed efter åbning:**

2-3 dage, dog højst til dato for min  
Pakket i beskyttende atmosfære.

**Opbevares ved max. +5°C.**

**Nettovægt: 90 g**

Tulip Food Company  
DK-8940 Randers SV  
[www.tulip.dk](http://www.tulip.dk)



- Auðkennismerki – til hvers ?
- Matvæli úr **dýraríkinu** skulu hafa auðkennismerki **til að tryggja rekjanleika** þeirra. Reglug. nr. 104/2010 (EB/853/2004)
- Matvælastofnun úthlutar samþykkisnúmerum til þeirra sem uppfylla reglugerð nr. 104/2010
- Auðkennismerki  
þurfa að vera á matvælum úr dýraríkinu til næsta aðila og á neytendaumbúðum
  - Sláturhúss -> kjötvinnslu -> pökkunaraðila -> neytendapakking
  - Fiskvinnslu -> reykhus -> pökkunaraðila -> neytendapakking
  - Mjólkurstöðvar -> vinnslufyrirtæki -> neytendapakking

Sjá [leiðbeiningar MAST](#)

- Ef mörg fyrirtæki

- Dæmi:

- Fyrirtæki 1 framleiðir kjötvöru
- Fyrirtæki 2 sneiðir og pakkar vörunni

- Auðkennismerki:

Fyrirtæki 2 sem pakkar vörunni á að setja sitt auðkennismerki á neytendaumbúðir

- Ábyrgðaraðili vöru:

Getur verið fyrirtækið sem framleiðir (1) eða fyrirtæki sem pakkar (2) eða dreifingaraðili

- Samþykkisnúmer

Listi yfir samþykkisnúmer

- íslenskra fyrirtækja er á [mast.is](http://mast.is)
- EB, EFTA, og þriðju ríkja er á [vef EB](#)

# Upprunamerkingar matvæla



# • Reglur um upprunamerkingar

## • Almenna reglan:

- Upplýsingar um uppruna eða framleiðsluland ef skortur á slíku gæti villt um fyrir neytendum skv. 6. grein í rgl. 503/2005

## • Skylt að merkja uppruna:

- **Matjurtir** – viðauki 7 við rgl. 503/2005 (sér ísl)
- **Nautgripakjöt** – rgl. 968/2011 (EB gerð)
- **Hunang** – rgl. 288/2003 (EB gerð)



## • EB/1169/2011 matvælaupplýsingareglugerðin

9. og 26. grein: Skyld verður að merkja uppruna

- **Ef skortur** á upprunamerkingu getur villt um f neytendum (svipað og gildir núna í 6. gr rgl.503/2005)
- **Svínakjöt, kinda-og geitakjöt, fuglakjöt**, ferskt, frosið
- Þar sem uppruni **vöru** er gefinn upp, en hann er **ekki sá sami** og uppruni **aðalhráefnis**
  - verður að gefa upp uppruna aðalhráefnis eða taka það fram að hann sé annar.

Verið er að skoða fleiri skyldumerkingar á uppruna

(áfram skyld að merkja nautgripakjöt, matjurtir, hunang)

# • Upprunamerkingar matjurta

- Ferskar matjurtir [í viðauka 7 við rgl. 503/2005] og ef blandað saman og/eða þær skornar niður.
  - upprunaland skal vera merkt á umbúðum
- Ef uppruni blöndu í fleiri en einu landi:
  - tilgreina nafn hverrar matjurtar og upprunaland hennar á umbúðum
- Sömu upplýsingar sýnilegar fyrir matvæli án umbúða
- Framleiðandi sem dreifir framleiðslu sinni beint til neytanda þarf ekki að merkja upprunaland



# Upprunamerkingar á nautgripakjöti



- Upprunamerkingar á nautgripakjöti
  - *Reglugerð nr. 968/2011 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um **merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða***
    - Innleiðing á Reglugerð EB/1760/2000
  - Nautgripakjöt (ferskt og frosið) á ALLTAF að bera upplýsingar skv. þessum reglum alla leið til neytandans
  - Markmið: Rekjanleiki og neytendaupplýsingar
  - Leiðbeiningar væntanlegar

- Rgl. nr. 331/2005 um kjöt og kjötvörur
  - 5. gr. Heitið **nautakjöt** skal **ekki** notað sem **samheiti fyrir kjöt af nautgripum** heldur skal það einungis notað um ungneytakjöt, sbr. viðauka III.

### Viðauki III


#### 1. Nautgripakjöt (samheiti fyrir kjöt af nautpeningi, án tillits til aldurs eða kynferðis):

<i>Kýrkjöt</i>	Kjöt af kúm, 30 mánaða og eldri.
<i>Ungneytakjöt/ nautakjöt</i>	Kjöt af nautum, uxum eða kvígum, 12 til 30 mánaða gömlum.
<i>Alikálfakjöt</i>	Kjöt af kálfum, 3 til 12 mánaða.
<i>Ungkálfakjöt</i>	Kjöt af kálfum, allt að 3 mánaða.

- Rekjanleikinn byrjar:  
Nautgripir fá eyrnamerki  
innan 20 daga  
og/eða áður en þeir fara af bújörð



# • Nautgripir – skrokkar - kjöt - hakk



- Upprunaupplýsingar

- Tilvísun sem tengir kjötið við dýr eða dýrahóp  
Þetta getur verið númer eða strikamerki

- *Land*

- *fædd*

- *alin*

- *slátrað* og *samþykkisnúmer sláturhúss*

- *stykkjað* og *samþykkisnúmer stykkjunarstöðvar*



- 1/1 og 1/2 skrokkar, fjórðungar, 1/2 í þrennt,

- Tilvísun sem tengir kjötið við dýr  
Þetta getur verið númer eða strikamerki

- Land þar sem:  
*dýrin/dýrunum eru*

- *fædd*
- *alin*
- *slátrað* og *samþykkisnúmer sláturhúss*

- 
- Ef dýrin eru

- *fædd, alin og þeim slátrað* í sama landi  
má nota „*upprunaland*“  
í stað „fædd“ og „alin“

- Ferskt og fryst kjöt, annað en hakkað kjöt

## Um tilvísun (tilvísunarnúmer /tilvísunarkóði):

- á að hafa sama upprunaland
  - hvar fætt, alið, slátrað
- má ekki ná yfir meira en dagsframleiðslu hjá þeim sem síðast stykkjar
- Hver tilvísun á að vera í mesta lagi á kjöti
  - slátrað í 3 sláturhúsum
  - stykkjað í 3 stykkjunarstöðvum

Lönd og samþykkisnúmer (slátrunar og stykkjunar)

+ uppruni

+ dagsetning

getur myndað tilvísun

-Tilvísun þarf ekki að vera öll á sama stað-



- Stykkjað kjöt=  
Ferskt og fryst kjöt, annað en hakkað kjöt

- Tilvísun sem tengir kjötið við dýr eða dýrahóp  
Þetta getur verið númer eða strikamerki
- Land þar sem:  
*dýrin/dýrunum eru*
  - *fædd*
  - *alin*
  - *slátrað* og samþykkisnúmer sláturhúss*kjötið er*
  - *stykkjað* og samþykkisnúmer stykkjunarstöðvar

- 
- Ef dýrin eru
    - *fædd, alin og þeim slátrað* í sama landi  
má nota „*upprunaland*“  
í stað „*fædd*“ og „*alin*“

# • Ferskt og fryst kjöt, annað en hakkað kjöt

Dæmi: Íslenskt kjöt

- Tilvísun sem tengir kjötið við dýr eða dýrahóp
- *Upprunaland Ísland*
- *Slátrað á Íslandi*  
og samþykkisnúmer sláturhúss
- *stykkjað á Íslandi*  
og samþykkisnúmer stykkjunarstöðvar, sem síðast  
stykkjar

(ef skrokkur/skrokkhluti fer beint í kjötbúð,  
er ekki merkt: stykkjað og samþykkisnúmer stykkjunarstöðvar)

# • Nautgripur ->kjöt

Land A	Land B	Land C	Land D (Ísland )	Merking
Fæddur	Alinn	Slátrað	(Innflutt kjöt) Stykkjað	Tilvísunarnúmer/kóði <b>Fæddur í A</b> <b>Alinn í B</b> Slátrað í C+ samþykkisnúmer Stykkjað á Íslandi + samþ.númer
		Fæddur alinn slátrað stykkjað	(Innflutt kjöt) Stykkjað	Tilvísunarnúmer/kóði <b>Upprunaland C</b> Slátrað í C + samþ.númer Stykkjað í C + samþ.númer Stykkjað á Íslandi + samþ.númer
			(Íslenskt kjöt) Fæddur - alinn - slátrað -stykkjað	Tilvísunarnúmer/kóði <b>Upprunaland Ísland</b> Slátrað á Íslandi + samþ.númer Stykkjað á Íslandi + samþ.númer

# • Hakkað nautgripakjöt

(og blandað hakk ef nautgripakjötið er meira en 50%)

skal merkja með eftirfarandi upplýsingum:

- Tilvísun sem tengir kjötið við dýr eða dýrahóp  
Þetta getur verið númer eða strikamerki.
- Landi sem
  - dýrum er slátrað í
  - kjötið er hakkað í

Íslenskt kjöt  
hakkað hérlendis

- 
- Ef kjötið er hakkað í öðru landi  
en því/þeim sem dýrin eru fædd, alin eða þeim slátrað í,  
á einnig að merkja:

- Land þar sem dýrin eru
  - fædd
  - alin

Innflutt kjöt  
hakkað hérlendis

(ekki má blanda saman hakki frá mism. löndum)

(Ekki á, en það má, merkja land og samþykkisnúmer stykkjunarstöðvar  
= valfrjáls merking, en hún er háð ákveðnum reglum!!!)

- Nautgripur -> **hakk**

Land A	Land B	Land C	Land D (Ísland )	Merking
Fæddur	Alinn	Slátrað	(innflutt kjöt) Hakkað	Tilvísunarnúmer/kóði Fæddur í A Alinn í B Slátrað í C Hakkað á Íslandi
		Fæddur alinn slátrað	(innflutt kjöt) Hakkað	Tilvísunarnúmer/kóði Uppruni í C (EÐA Fæddur í C og alinn í C) Slátrað í C Hakkað á Íslandi
			Fæddur alinn slátrað hakkað	Tilvísunarnúmer/kóði Slátrað á Íslandi Hakkað á Íslandi

# Takk fyrir!

---

[www.mast.is](http://www.mast.is)

